



## Skýrsla svæðisstjóra Sögu á Umdæmisstjórnarfundi 13. apríl 2013.

Umdæmisstjóri, góðir Kiwanisfélagar.

Ég vil byrja á því að óska okkur Kiwanisfélögum til hamingju með þetta nýja húsnæði hreyfingarinnar.

Upp hafa komið hugmyndir um hvernig ætti að nýta þetta nýja húsnæði sem Umdæmið hefur fest kaup á. Hvort ekki megi nýta húsnæðið með fjölbreyttari hætti heldur en það gamla var notað til. Einhverjir klúbbar hafa komið með þá tillögu að húsnæðið verði nýtt til þess að þjappa saman félögum. Mætti t.d koma fyrir alvöru snooker aðstöðu ásamt aðstöðu til að horfa á engilsaxneska knattspyrnu fyrir þá sem það vilja Með þessu móti gætu félagar komið saman og gert eitthvað skemmtilegt saman án þess að það sé bundið við ákveðna klúbba.

Margir félagar telja að góð aðstaða og góður félagsandi þurfi að vera fyrir hendi ef ætlunin er að fjölga í hreyfingunni. Þess má geta hér að stærsti klúbburinn í Evrópu, nefnilega Helgafell í Vestmannaeyjum er með þá aðstöðu sem ég hef rætt hér um og er biðlisti að komast inn í þann klúbb sem telur nú eitt hundrað félaga. Getur verið að allt þetta fjör í kringum húsnæði klúbbsins, svo sem snooker mót og áhorf á ýmsa viðburði í fullkomnu sjónvarpskerfi hússins eigi einhvern þátt í því? Við erum alltaf að ræða um að það þurfi að fjölga í hreyfingunni, þar sem stöðug fækkun hefur verið innan raða hennar undanfarin ár. Ég spyr: Þurfum við að sækja vatnið yfir lækinn? Er ekki kominn tími til að horfa okkur nær og reyna að nýta okkur það sem félagar í Helgafelli og Ölveri eru að gera. Mig langaði bara að varpa þessari spurningu til ykkar og ég vil endilega fá viðbrögð svo hægt verði að skilgreina þarfir umdæmisins miðað við að það sé komið árið 2013.

Þegar ég tók að mér að vera svæðisstjóri, þá gerði ég mér ljóst að talsverð vinna fælist í því og einnig að til þyrfti að koma ferðalög til klúbba innan svæðisins ásamt fundum með framkvæmdastjórn og umdæmisstjórn.

Mitt fyrsta verkefni sem svæðisstjóri var að sjá um stjórnarskiptin hjá klúbbunum í Sögu. Heimsóknir til Helgafells og Óss voru mjög ánægjulegar en þeir héldu upp á 45 og 25 ára afmæli sín með veglegum veislum og skemmtunum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

Eins og þið heyrið, þá hef ég sem svæðisstjóri verið mikið á ferðinni í vetur og kynnst ógrynni af skemmtilegu fólki sem er að gera frábæra hluti fyrir sína klúbba og sitt samfélag. Mörg áhugaverð verkefni eru í bígerð hjá klúbbunum og má þar t.d. nefna myndasöfnun Eldfells af Vestmannaeyja gosinu.

Mörkuð voru tímamót þegar í Sögusvæði var haldinn fyrsti fjarfundur í sögu Kiwanis á Íslandi svo vitað sé. Fundurinn var haldinn í febrúar s.l til að kjósa kjörsvæðisstjóra svæðisins. Í stað þess sem sagði sig frá embættinu vegna brottflutnings af landinu. Tókst fundurinn með ágætum. Fundarmenn lýstu þó því yfir að þetta fundarform kæmi ekki í staðinn fyrir hefðbundna svæðisráðsfundi, en væri kjörið til að leysa tilfallandi mál sem kunna að koma upp. Fundurinn var haldinn með tölvuforritinu Skype.

Síðastliðinn laugardag var svæðisráðsfundur Sögusvæðis haldinn á Álafossi í Mosfellssveit. Á fundinn kom formaður laganeftdar Umdæmisins Ástbjörn Egilsson og skýrði ný klúbbalög og samþykktir. Einnig kom Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs Umdæmisins á fundinn og greindi frá stöðu stífkrapaverkefnisins.

Góð þáttatka var á fundinum þó sumir þyrftu að koma um langan veg allt frá Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði.

Hvað félagafjöldi varðar þá hefur fjölgað hjá klúbbunum Helgafelli, Ós og Ölveri um sex nýja féлага, en einn hætti hjá Ós. Að auki fluttist einn frá frá Drangey til Ölvers.

Skýrsluskil hafa verið sæmileg

Pétur Jökull Hákonarson  
Svæðisstjóri Sögu

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjarta er allt sem þarf

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heimin með þjónustu í þágu barna*